

Mánudaginn 11. febr. 1918.

Nr. 31/1917.

S. Carl Löve

gegn

Halldóri Bjarnasyni f. h.  
Jóns Bjarnasonar.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði fyrir sjórétti Ísafjarðarkaupstaðar Halldór Bjarnason verkstjóri á Ísafirði fyrir hönd Jóns Bjarnasonar, er hann hafði vistað í skiprúm á vélbátnum »Sverri« frá Ísafirði vetrarvertíðina 1916, gegn formanni bátsins, S. Carl Löve skipstjóra, til að fá hann dæmdan til að greiða eftirstöðvar af aflahlut nefnds Jóns Bjarnasonar, 435 kr. 62 aur., með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags. Með dómi sjóréttarins uppkveðnum 27. nóv. s. á. var þessi krafa tekin til greina, en málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir S. Carl Löve skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. apríl f. á. og krafist þess, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum Halldórs Bjarnasonar fyrir hönd Jóns Bjarnasonar og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir sjúdómi og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi, Halldór Bjarnason, hefir fyrir hönd Jóns Bjarnasonar krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati dómsins.

Eins og að ofan er getið réðist Jón Bjarnason háseti á vélbátinn »Sverri« á vetrarvertíð 1916 og var vistartíminn ákveðinn frá 17. febrúar til 23. apríl.

Bátur þessi notaði lóð að veiðarfæri og voru hásetar ráðnir á hann gegn 1 hlut af aflanum, en aflinn á bátnum skiftist í 18 staði, svo að hver hlutur varð  $\frac{1}{18}$  aflans.

Í febrúarmánuði fatlaðist Jón Bjarnason frá verki með þeim hætti, að öngull kræktist í hendi hans, er hann var að gera að lóðum og varð af þessu handarmein, svo að skipstjóri varð að leita Jóni lækningar, sem var borguð af bátsútgerðinni. Taldi lækningurinn, er hann hafði gert að hendi Jóns, óhætt, að hann færi aftur út með bátnum, og varð það úr, að hann varð kyr í skiprúminu, en alt að viku á eftir var Jón algerlega frá vinnu og aðra viku tæpa var hann lítt fær til verka. Þennan framt að hálfsmánaðartíma, sem hann var fatlaður frá verkum, var afli bátsins að frádregnum öllum kostnaði 7841 kr. 35 aur. virði, og af þeim afla skifti áfrýjandi eigi Jóni hlut, með því að hann leit svo á, að honum bæri eigi hlutur úr aflanum þann tíma, er hann hefði eigi tekið þátt í veiðiskapnum. Jón Bjarnason vildi hins vegar ekki sætta sig við að vera þannig afskiftur, en krafðist  $\frac{1}{18}$  af fyrgreindum afla í sinn hlut eða 435 kr. 62 aur. og félst sjódómurinn á þá kröfu, svo sem þegar er getið.

Áfrýjandi krefst sýknunar í málinu þegar af þeirri ástæðu, að því sé ranglega beint gegn sér einum, því að aflahlutur sá, er málið er risið af, hafi skifst ekki að eins til sín og útgerðarinnar, en einnig til hinna hásetanna að réttri tiltölu, og auk þess sé hann (áfrýjandi) ekki eigandi bátsins. En þessi varnarástæða verður eigi talin gild, með því að áfrýjandi

eftir stöðu sinni sem skipstjóri bar ábyrgð á því, að ráðningarsamningi við Jón Bjarnason væri fullnægt, þar á meðal að hann fengi kaup það, er honum bar, enda er það upplýst, að áfrýjandi var eigandi og útgerðarmaður bátsins að  $\frac{1}{4}$  hluta, þegar Jón var ráðinn á hann.

Þá skýrir áfrýjandi svo frá, að það hafi verið munnlegt samkomulag hans og stefnda, Halldórs Bjarnasonar, að Jón fengi eigi fullan hásetahlut nema því að eins, að hann reyndist fullgildur maður, en það hafi hann eigi reynst, og hefði hann því, þótt hann hefði eigi fatlast, eigi unnið fyrir hærri aflahlut en hann hafði fengið, en stefndi neitar því eindregið, að neitt samkomulag í greinda átt hafi orðið með þeim áfrýjanda, enda hafi Jón verið fullgildur maður í skiprúmið. Þar sem áfrýjandi hefir eigi gegn þessum mótmælum stefnda sannað, að frásögn hans um þetta atriði sé rétt, getur hún eigi komið til greina.

Aðalvarnarástæða áfrýjanda er sú, að um alla Vestfirði tíðkist aðeins ráðning gegn aflahlut á bátum, sem þorskfiski stunda, hvort heldur séu vélbátar eða róðrabátar, og hafi það verið venja um ómunatíð, að engum sé skift hlut nema úr þeim róðrum, er hann hafi sjálfur róið; hafi þessi venja gefist vel, verið aðhald fyrir menn að gera sér ekki upp veiki, og aðrir skipverjar hafi með þessum hætti fengið sanngjarna þóknun fyrir aukið erfiði. Í sambandi við þetta hefir áfrýjandi skýrt frá því, að hann hafi ætlað að láta Jón Bjarnason fara í land þegar hann fatlaðist, en gert það fyrir bænastað hans, að lofa

honum að vera áfram á bátnum, en tekið það um leið fram eftir beinni kröfu hinna skipverjanna, að honum yrði eigi skift hlut meðan hann væri frá vinnu, og hafi Jón eigi haft neitt þar við að athuga.

Stefndi neitar því, að til sé venja á Vestfjörðum slikt sem áfrýjandi skýrir frá, og hann mótmælir því sem röngu, að áfrýjandi hafi vikið neitt að því við Jón að hann færi í land þegar hann fatlaðist, eða sett neitt skilyrði í þá átt, að Jón fengi eigi hlut sem aðrir hásetar, meðan hann væri eigi fær eða fullfær til vinnu.

Um nokkur af þessum ágreiningsatriðum hefir áfrýjandi látið fara fram vitnaleiðslu eftir að málinu var stefnt fyrir yfirdóminn. Hafa tveir skipstjórar á Ísafirði borið það sem vitni, að þeir telji sér eigi heimilt að skifta óverkfærum háseta hlut, nema með samþykki hinna hásetanna, en eigi tjáðu vitnin sig að öðru leyti neitt um það, hver venja væri á Vestfjörðum í þessu efni. Tveir af hásetum þeim, er voru á »Sverri« samtímis Jóni Bjarnasyni hafa skýrt frá því sem vitni, að áfrýjandi hafi ætlað að láta Jón fara í land, af því að hann var handlama, eða sagt honum að hann vildi ekki hafa óverkfæran mann á skipi sínu og að áfrýjandi hafi spurt vitnin, hvort þau væru því samþykk, að Jóni væri skift hlut þann tíma, sem hann var óverkfær, og hafi þau kveðið nei við því, en ekki var vitnunum kunnugt um, hvort áfrýjandi hefði borið þetta undir skipshöfnina yfirleitt.

Með þessum vitnisburðum eða öðrum gögnum áfrýjanda, er það eigi sannað, að skapast hafi á Vest-

fjörðum venja, er úrslit þessa máls verði byggð á. Af vitnisburði hásetanna verður það eitt ráðið, að áfrýjandi hafi haft orð á því, að hann vildi eigi hafa Jón Bjarnason á bátnum meðan hann væri óverkfær, en ekkert er, gegn mótmælum stefnda, upplýst um það, að áfrýjandi, þegar hann þó lét Jón vera áfram á bátnum, hafi sett honum neina kosti um hlut hans af aflanum meðan hann væri frá verkum. Í ráðningarsamningum, er áfrýjandi gerði við Jón, er ekkert ákveðið um atvik það, er hér er um að ræða, en í niðurlagi sammingsins segir, að um viðskifti skipstjóra og skipshafnar fari að öðru leyti svo sem 5. kap. siglingalaganna 30. nóv. 1914 mælir fyrir, en samkvæmt 95. gr. 3. málgr. (í 5. kap.) laganna, tekur maður, sem fatlast frá verki eins og Jón Bjarnason og eigi er vikið úr skipsrúmi, fult kaup meðan hann er sjúkur.

Að því athuguðu, sem nú hefir verið tekið fram, virðist áfrýjanda hafa brostið heimild til að draga af Jóni Bjarnasyni aflahlut hans meðan hann var fatlaður frá verkum, sem áður segir, og þar sem sjó-dómurinn hefir komist að sömu niðurstöðu, ber að staðfesta hann, svo og ákvæði hans um málskosnað.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjandi eftir þessum úrslitum eiga að greiða stefnda og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjanda dómi skal óraskað. Áfrýjandi  
S. Carl Löve greiði stefnda Halldóri Bjarnasyni

fyrir hönd Jóns Bjarnasonar 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 4. marzmán. 1918.

Nr. 3/1918.

Réttvisin

gegn

Hávarði Halldórssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu uppkveðnum 22. nóv. f. á., var hinn ákærði, unglingspiltur Hávarður Halldórsson, dæmdur fyrir þjófnað á peningum samkvæmt 230. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 5 daga fangelsisrefsingu við vatn og brauð og til að greiða iðgjöld Sveini Jónssyni 45 kr. svo og til að greiða allan sakarkostnaðinn, þar með taldar 15 kr. sem málsvarnarlaun til verjanda ákærða í héraði, yfirdómsmálaflutningsmanns Sigurðar Sigurðssonar.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk hins ákærða.

Það er sannað með eiginni játningu ákærða og öðrum skýrslum, sem fengnar hafa verið í málinu, að ákærði hefir gjört sig sekan í stuldum þeim, er